

372. fundur

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 29. apríl 2004 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Elísabet Lára Björgvinsdóttir, formaður
Rúnar Gíslason
Davíð Sveinsson,
Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Formaður setti fund og fól síðan bæjarstjóra fundarstjórn.

1. Fundargerðir nefnda.
 - 1.1. Atvinnumálanefnd, dags. 13.4.2004.
Fundargerð lögð fram.
 - 1.2. Fræðslunefnd, dags. 10.3. og 14.4.2004.
Fundargerðir lagðar fram. Skólamál rædd.
 - 1.3. Safna-og menninganefnd, dags. 21.4.2004.
Fundargerð lögð fram.
 - 1.4. Skipulags- og bygginganefnd, dags. 6.4.2004.
Fundargerð lögð fram. Liðir 1, 2, 3, 4 og 7 samþykktir.
 - 1.5. Skólanefnd Tónlistarskóla, dags. 26.4.2004.
Fundargerð lögð fram. Bæjarráð felur bæjarstjóra að afhenda Lúðrasveitinni 200.000 kr. Gjöf til hljóðfæra- og tækjakaupa í tilefni af 60 ára afmæli Lúðrasveitarinnar og 40 ára afmæli Tónlistarskólans.
 - 1.6. Stjórn Dvalarheimilis aldraðra, dags. 15.3.2004.
Fundargerð lögð fram.
 - 1.7. Undirbúningsnefnd að leikskólabyggingu, dags. 4.,6. og 15.4.2004
Fundargerðir lagðar fram.
2. Aðrar fundargerðir.
 - 2.1. 143. stjórnarfundur Eflingar Stykkishólms, dags. 10.3.2004.
 - 2.2. 712. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 20.2.2004.
Fundargerðir framlagðar.
3. Ársskýrslur.
 - 3.1. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands 2003.
 - 3.2. Orkustofnunar 2003.
 - 3.3. ÍSOR 2003.
Ársskýrslur lagðar fram.
4. Fundargerð Héraðsráðs, dags. 19.04.'04.
Fundargerð lögð fram. Bæjarráð átti allmiklar umræður um sameingarmál.
5. Erindi KKÍ dags. 5.4.'04 v. yfirburðaunglinga í körfuknattleik.
Bæjarráð samþykkir erindi KKÍ og viðkomandi unglingur verður starfsmaður vinnuskóla Stykkishólmsbæjar sumarið 2004. ELB sat hjá við afgreiðslu bæjarráðs.
6. Erindi Kolbeins Pálssonar v. JOB.is
Bæjarráð telur ekki þörf á þessari þjónustu að sinni.
7. Fundargerðir Framkvæmdaráðs Snæfellsness dags. 24.02. og 29.03.

- Fundargerðir lagðar fram. Bæjarráð leggur til að málið verði tekið upp á næsta bæjarstjórnarfund.**
8. Bréf Sæferða ehf., dags. 22.03.'04.
Bréf Sæferða lagt fram. Erindið er í vinnslu hjá hafnarnefnd.
 9. Ákvörðun um laun í vinnuskóla 2004.
Bæjarráð samþykkir að framlagður listi hækki um 3% frá 1.1.2004.
 10. Síamál sbr. minnisblað Einars Þór Strand.
Bæjarstjóri gerði grein fyrir málinu. Bæjarráð samþykkir að Einar Þór og bæjarritari vinni málið frekar.
 11. Umsókn um starf hjá Hitaveitu Stykkishólms.
Bæjarráð samþykkir að gengið verði til samninga við Andrés Kristjánsson.
 12. Umsókn um starf að æskulýðsmálum.
Bæjarráð samþykkir að gengið verði til samninga við Dalliju Ingu Steinarsdóttur og Guðfinnu D. Arnósdóttur.
 13. Umsókn um sölu gistingar og veitinga, Hótel Breiðafjörður.
Bæjarráð samþykkir leyfisveitingu vegna sölu gistingar og veitinga hjá Hótel Breiðafirði.
 14. Bréf KSÍ vegna sparkvalla dags.7.04.'04.
Bæjarráð samþykkir að sótt verði um sparkvöll hjá KSÍ og stefnt að framkvæmdum árið 2005.
 15. Bréf Eflingar v. opnunartíma sundlaugar.
Bæjarráð samþykkir að sundlaugin verði opin á 1. maí og Hvítasunnudag n.k. og verði opnunin eins og á venjulegum sunnudegi. Erindinu vísað til íþróttá-og æskulýðsnefndar að öðru leyti.
 16. Bréf leikskólastjóra á Snæfellsnesi dags. 12.04.'04.
Bréf leikskólastjóra lagt fram. Bæjarráð fagnar því ef Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga getur bætt þessu erindi á sig, en aukin útgjöld til þessa málaflokks er hafnað.
 17. Bréf frá gjaldkera Kajakfélags Breiðafjarðar dags 20.04.'04.
Með vísan til fjárhagsáætlunar telur bæjarráð ekki svigrúm til að kaupa Kajaka, en bendir Kajakfélagi Breiðafjarðar að hafa samband við forstöðumann Íþróttamiðstöðvar um mögulega aðstöðu í sundlaug.
 18. Kaup á landspildu Hannesar Gunnarssonar.
Bæjarráð samþykkir framlagðan kaupsamning og afsal af landspildu.
 19. Sala á Tjarnarási 11.
Bæjarráð samþykkir framlagt kauptilboð Högna Bæringssonar og Hönsu S. Jónsdóttur í Tjarnarás 11.
 20. Uppsagnarbréf Sveins Björnssonar byggingarfulltrúa, dags. 26.4.2004.
Uppsagnarbréf byggingarfulltrúa lagt fram. Sveini Björnssyni þökkuð vel unnin störf fyrir Stykkishólmbæ og honum óskað velfarnað í nýju starfi. Bæjarráð felur bæjarstjóra að auglýsa eftir nýjum byggingarfulltrúa.
 21. Gatnagerðaframtækni sumarið 2004.
Bæjarráð felur bæjarstjóra að leggja fram tillögur fyrir næsta bæjarstjórnarfund.
 22. Gangbrautir í íbúðarhverfum.
ELB leggur til að skipulags-og byggingarnefnd skoði staðsetningu gangbrauta í íbúðahverfum.

23. Mengunarvarnir í Nesvogi.

DS spurði hvort meingunarmælingar hafi átt sér stað við Nesvog. Bæjarráð samþykkir að láta mæla það.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:57

Þór Örn Jónsson, bæjarritari